

Gildir frá 1. september 2013

Framlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla vegna reykvískra nemenda sem þar stunda nám.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar greiðir sjálfstætt starfandi grunnskólum framlag vegna nemenda sem þar stunda nám. Fjárhæð framlags er skv. 2.mgr. 43.gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Meðalrekstrarkostnaður nemanda á ári er skv. þessum útreikningi, 1.466.718 kr. í september 2013. 75% af þeirri fjárhæð er **1.100.039 kr.** 70% af þeirri fjárhæð 1.026.703 kr.

Sjá nánar í fréttatilkynningu Hagstofu Íslands nr. 196/2013, frá 30. september 2013.

„Útreikningur á meðalrekstrarkostnaði á hvern nemanda í öllum grunnskólum

Hagstofa Íslands hefur reiknað út meðalrekstrarkostnað á hvern nemanda í öllum grunnskólum sem reknir eru af sveitarfélögum, skv. 2. mgr. 56. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og 6. gr. reglugerðar um viðurkenningu grunnskóla og lágmarksframlög úr sveitarsjóði til slíkra skóla nr. 320 frá 26. mars 2007

Um útreikning þennan fer samkvæmt 2. mgr. 6. gr. ofangreindrar reglugerðar sem hér segir:

„Útreikningur Hagstofu Íslands skv. 1. mgr. skal liggja fyrir í september ár hvert. Útreikningur skal byggður á ársreikningum sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til þess dags sem útreikningur er gerður. Verðlagsbreytingar skulu taka mið af almennum launahækkunum starfsmanna grunnskóla og breytingum á vísitölu neysluverðs að teknu tilliti til vægis hvors þáttar fyrir sig í rekstrarkostnaði grunnskólanna.“

Meðalrekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum árið 2012 reyndist vera 1.411.812 krónur og vegin meðalverðbreyting rekstrarkostnaðar frá árinu 2012 til september 2013 var metin 3,9%. Niðurstöður útreikningsins eru því þær að áætlaður rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, sé 1.466.718 krónur í september 2013.“